

Félagsfundur 23.febrúar 2022 kl 20 í Félagsheimili Borgfirðings við Vindás.

Stjórnarmeðlimir mættir: Eyþór Gíslason, Sigurbór Ágústsson, Þórdís Arnardóttir, Rósa Björk Jónsdóttir, Haukur Bjarnason.

Dagskrá fundar

1. Heimild stjórnar til að taka lán hjá Arion banka að upphæð 4,5 millj. Kr. gegn veði í félagsheimili félagsins.
2. Heimild til handa gjaldkera félagsins, Þórdísar Arnardóttur, að undirrita nauðsynleg skjöl vegna lántökunnar.
3. Veita stjórn heimild til að óska eftir því að Selási ehf. Verði slitið.
4. Önnur mál.

Formaður setur fund. Eyþór Gíslason kosinn fundarstjóri og engar athugasemdir við fundaboðun. Rósa Björk Jónsdóttir fundarritari.

Fyrsta og annað mál á dagskrá

Þórdís fer yfir mál reiðhallarinnar. Fer yfir sögu hússins og félög í kring um það. – sjá greinagerð í fylgiskjali.

Umræður um stöðuna og spurningar sem stjórn svarar.

Tillaga til samþykktar borin upp fyrir fundinn:

Félagsfundur Borgfirðings haldinn í félagsheimili Borgfirðings við Vindás þann 23.febrúar 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að taka lán hjá Arion banka að upphæð 4,5 millj kr til allt að 10 ára gegn veði í félagsheimili félagsins að Vindási, fnr 211-1756 til tryggingar á nýju útláni. Fundurinn samþykkir líka heimild til handa gjaldkera félagsins, Þórdísar Arnardóttur að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna lántökunnar.

Tillagan samþykkt af fundarmönnum samhljóða.

Þriðja mál á dagskrá

Tillaga til samþykktar borinn upp fyrir fundinn:

Félagsfundur Borgfirðings haldinn í félagsheimili Borgfirðings við Vindás þann 23.febrúar 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að óska eftir slitum á Selási ehf.

Tillagan samþykkt af fundarmönnum samhljóða.

Önnur mál

Umræður um reiðhöllina og möguleika á því að aukja tekjur hennar. Fundi slitið að loknum umræðum.